



Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Smiðju, Tjarnargötu
101 Reykjavík
sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 20. maí 2026

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (innleiðing), 604. mál

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu, SVP - samtök verslunar og þjónustu, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samorka, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar og Viðskiptaráð Íslands (hér eftir sameiginlega nefnd samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál í kjölfar umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem barst 30. apríl. Með frumvarpinu verða innleidd ákvæði tilskipunar (ESB) 2017/828, SRD II (hér eftir nefnd „tilskipunin“) og framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1212.

Fulltrúar SA, SFF og Viðskiptaráðs áttu sæti í óformlegum starfshópi atvinnuvegaráðuneytisins (áður menningar- og viðskiptaráðuneyti) á meðan unnið var að gerð frumvarpsins og áttu jafnframt fund með ráðuneytinu í aðdraganda þess að frumvarpsdrögin voru birt á Samráðsgátt. Hægt er að fallast á að á frumstigum þessa máls hafi því verið gerð gangskör að samráði, sem er til eftirbreytni og ber að fagna. Hafa verður þó í huga að hluta- og einkahlutafélagalöggjöfin er grundvallarlöggjöf, sem kveður á um sum mikilvægustu atriði sem varða þau félagaform sem langstærstur hluti íslensks atvinnulífs reiðir sig á. Í ljósi undirliggjandi hagsmuna telja samtökin því nauðsynlegt að stjórnvöld vandi til verka og fylgi fyrir fram ákvörðuðum starfsferlum þegar þau vinna að breytingum á íslenskri félagaréttarlöggjöf. Líta má til samráðsferlis mála í því samhengi, en mikilvægt er að formfestu gæti við samráð og við ákvörðun um við hverja samráð sé viðhaft.

Við innleiðingu regluverks ESB leggja samtökin almenna áherslu á að ekki verði farið umfram lágmarkskröfur Evrópureglna, gildissvið íslenskra reglna verði ekki víðtækara en þeirra evrópsku, allar ívilnandi undanþágur verði nýttar og að allar sambærilegar kröfur sem fyrir eru í lögum eða reglugerðum verði afnumdar.

Eftirfarandi eru athugasemdir samtakanna við einstaka ákvæði frumvarpsins.

1. 1. gr. Milliliðir, auðkenning hluthafa og miðlun upplýsinga

a. liður (32. gr. a) – Milliliðir



Í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu er fjallað um athugasemd samtakanna við skilgreiningu á hugtakinu „milliliður“ og greint frá því að þýðingin og orðalagið séu í samræmi við orðalag enskrar útgáfu tilskipunarinnar og því hafi ekki verið gerðar breytingar á skilgreiningunni. Ef 1. gr. frumvarpsins og 1. gr. frumvarpsdraganna eru bornar saman má þó sjá að skilgreiningin hefur tekið breytingum.

Samtökin telja skilgreininguna áfram vera viðtækari en skilgreiningu á hliðstæða hugtakinu „intermediary“ í enskum texta tilskipunarinnar og ítreka því framkomna athugasemd úr fyrri umsögn. Í frumvarpinu er milliliður sagður vera „aðili sem veitir þjónustu í tengslum við vörslu hlutabréfa, umsýslu hlutabréfa eða viðhald verðbréfareikninga fyrir hönd hluthafa eða annarra aðila [...]“, en í enskum texta er „intermediary“ „a person, such as [...], which provides services of safekeeping of shares, administration of shares or maintenance of securities accounts on behalf of shareholders or other persons“. Í frumvarpinu er milliliður sagður vera aðili sem veitir þjónustu í tengslum við þá þjónustu sem „intermediary“ veitir samkvæmt enskum texta tilskipunarinnar. Samtökin leggja því til að skilgreining frumvarpsins verði samræmd skilgreiningu ensks frumtexta, svo komast megi hjá því að misræmið þeirra á milli valdi vandkvæðum í framkvæmd.

b. liður (32. gr. b) – Auðkenning hluthafa

Með ákvæði 1. mgr. 3. gr. a tilskipunarinnar er aðildarríkjum heimilað að binda auðkenningu við þá hluthafa sem eiga 0,5% hlut í félagi. Hér er um undanþágu að ræða, sem ekki er nýtt í frumvarpsdrögunum en samtökin telja undanþáguna til þess fallna að einfalda framkvæmdina talsvert. Þá er vert að líta til 3. mgr. 3. gr. a. tilskipunarinnar, sem heimilar milliliðum að óska eftir upplýsingum um hluthafa til verðbréfaskráningar (CSD). Í því samhengi ítreka samtökin framkomnar ábendingar um mikilvægi þess að ekki sé gengið lengra en nauðsyn er til við innleiðingu regluverks.

2. Starfskjarastefna

Samtökin fagna afnámi banns við kaupréttum til stjórnarmanna sbr. þær breytingar sem liggja fyrir með 2. gr. frumvarpsins. Þetta er mikilvægt skref í átt að samkeppnishæfara regluverki sem mætir þörfum atvinnulífsins. Tækni- og hugverkafyrirtæki keppa á alþjóðlegum markaði um sérhæft stjórnarfólk og eru hlutabréfatengdir hvatar þar lykiltæki til að tryggja langtímaverðmætasköpun. Fortakslausar takmarkanir hafa til þessa hamlað íslenskum vaxtarfyrirtækjum og því færir þessi breyting íslenskt rekstrarumhverfi nær því sem gerist á hinum Norðurlöndunum og styður við áframhaldandi vöxt tækni- og hugverкаиðnaðar. Í stað boða og banna er nú byggt á gagnsæi og aðhaldi hluthafa, sem styrkir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs til framtíðar. Samtökin vilja þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna útfærslu ákvæðisins:

Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjum heimilt að ákveða hvort atkvæðagreiðsla um starfskjarastefnu sé bindandi eða ráðgefandi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir bindandi atkvæðagreiðslu að því er varðar hlutabréfatengd starfskjör. Þá skal birta niðurstöður atkvæðagreiðslunnar tafarlaust á vefsíðu félagsins og starfskjarastefna aðgengileg almenningi án endurgjalds. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að ef starfskjarastefnu er hafnað á hluthafafundi skuli áfram greidd laun samkvæmt gildandi starfskjarastefnu þar til endurskoðuð stefna hefur verið lögð fram og samþykkt á næsta hluthafafundi. Tilskipunin



heimilar hins vegar vægari útfærslu, þar sem aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að þótt starfskjarastefnu sé hafnað í ráðgefandi atkvæðagreiðslu megi engu að síður greiða laun samkvæmt henni, að því gefnu að endurskoðuð stefna verði lögð fram á næsta hluthafafundi.

2. gr. frumvarpsins er ekki til þess fallin að auka skýrleika eða fyrirsjáanleika. Að teknu tilliti til fyrrnefnds mikilvægis félagaréttarlöggjafarinnar fyrir íslenskt atvinnulíf, er æskilegt að ákvæði séu bæði skýr og fyrirsjáanleg. Vísan til annarrar löggjafar, svo sem ársreikningalaga, sem er í eðli sínu e.t.v. ætlað að vera dýnamískari en félagaréttarlöggjöfin, er því lagatæknileg útfærsla sem þarf að útfæra að vandlega íhuguðu máli.

3. Starfskjaraskýrsla

Samkvæmt 2. tl. 4. mgr. c-liðar 2. gr. er gert ráð fyrir árlegri skýrslugerð þannig að samanburður síðustu fimm fjárhagsára sé mögulegur. Þó þessi skylda kunni að fela í sér aukið gagnsæi, er engu að síður nauðsynlegt að skýra nánar aðferðafræði við útreikning á meðallaunum starfsmanna og tryggja samræmi við reglur um persónuvernd.

Þessu tengt má nefna að 6. tl. 4. mgr. c- liðar 2. gr. fjallar um breytileg starfskjör og frávik. Gerðar eru auknar kröfur um skýr og mælanleg árangursviðmið og tengingu við langtímahagsmuni og sjálfbærni. Samtökin benda á að mikilvægt sé að félögum sé gefið nægjanlegt svigrúm til að laga hvataúrræði að markaðsaðstæðum og samkeppnisstöðu hverju sinni.

Í 5. mgr. c – liðar 2. gr. frumvarpsins er fjallað um atkvæðagreiðslu vegna starfskjaraskýrslu. Í skýringum í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að atkvæðagreiðsla 5. mgr. sé ráðgefandi en það kemur ekki fram í ákvæðinu sjálfu. Samtökin telja heppilegra að kveðið sé á um framangreint í frumvarpstextanum sjálfum.

4. 3. gr. Mikilvæg viðskipti

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að mikilvæg viðskipti skráðra félaga og tengdra aðila skuli samþykkt af stjórn félags áður en viðskiptin eru framkvæmd. Í 3. mgr. 3. gr. eru mikilvæg viðskipti skilgreind sem viðskipti þegar gangvirði viðskiptanna er 5% eða meira af heildareignum samkvæmt síðasta birta samstæðureikningi félagsins. Við framkvæmd í öðrum aðildarríkjum innan EES er algengt að miðað sé við 10% af heildareignum en með hliðsjón af smæð íslenska markaðarins lagði ráðuneytið til lægra hlutfall hérlendis.

Viðmiðið um að viðskipti séu talin mikilvæg ef gangvirði þeirra nemur 5% eða meira af heildareignum félagsins er að mati samtakanna of lágt. Samtökin benda á að það er eðli prósentuviðmiða að þau taka mið af hlutfalli heildarumfangs. Þannig er smæð íslenska markaðarins að mati samtakanna ekki rök sem eiga við til réttlætningar á þessari íþyngjandi innleiðingu.

Þvert á móti mætti halda því til haga að of lágt viðmið, á borð við 5%, hamli viðskiptum um of og raski verðmyndun á frjálsum mörkuðum. Dregur það úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Unnið hefur verið ötullega að því að laða til landsins erlenda fjárfesta og hefur það þótt til marks um góðan árangur og t.a.m. verið talinn gæðastimpill fyrir íslenska



hlutabréfamarkaðinn þegar hann var tekinn inn í vísitölu MSCI.¹ Óþarflega íþyngjandi regluverk, svo sem að miða við helmingshlutfall þess sem telst mikilvæg viðskipti í öðrum löndum, kann að stefna slíkum ávinningi í hættu. Of lágt viðmið getur enn fremur haft veruleg áhrif á fjármögnun fyrirtækja og aukið rekstraráhættu þeirra. Eftir því sem tilkynningarskyld tilvik verða fleiri aukast óumflýjanlega líkur á því að framkvæmd mats á umfangi viðskipta eða skjölun verði dregið í efa. Þetta á einkum við ef leiðbeiningar stjórnvalda um framkvæmd þeirra eru ekki nægilega skýrar og ítarlegar. Hafa verður í huga að fyrirtæki fjármagna sig oft og tíðum með skuldabréfaútgáfu eða öðrum lánsformum. Í slíkum tilvikum geta jafnvel minniháttar frávík eða formsannmarkar á reglubundnum athöfnum haft kostnaðarsamar afleiðingar, bæði beinar fjárhagslegar afleiðingar sem og óbeinar að því er varðar orðspor gagnvart lánveitendum og fjárfestum.

Samtökin telja óskýrar samlagningarreglur innan reikningsárs auki þessa áhættu enn frekar. Að mati samtakanna þarf að skýra nánar framkvæmd samlagningarreglu innan reikningsárs og hvernig meðhöndla skuli breytingar á áður samþykktum samningum. Ákvæði 1. – 4. mgr. 5. gr. taka ekki til viðskipta sem eru liður í venjulegum viðskiptum félagsins á eðlilegum viðskiptakjörum. Að mati samtakanna er mikilvægt að afmörkun undanþágunnar sé skýr til að forðast óþarfa birtingu og málsmeðferð vegna daglegs rekstrar.

Samtökin ítreka því að 5% viðmið, getur ekki talist annað en gullhúðun og að röng ályktun sé dregin af smæð íslenska markaðarins. Hún ætti að teljast ástæða til að viðhafa hærra viðmið en lægra.

5. Æðstu stjórnendur

Á ýmsum stöðum í frumvarpinu er vísað til „annarra æðstu stjórnenda félagsins“ . Samkvæmt athugasemd greinargerðar við 2. gr. , má ætla að þar sé á ferðinni viðleitni til að ná yfir hugtakið stjórnandi skv. i-lið 2. gr. SRD I. Ákvæðið er svohljóðandi:

„‘director’ means:

- (i) any member of the administrative, management or supervisory bodies of a company;
- (ii) where they are not members of the administrative, management or supervisory bodies of a company, the chief executive officer and, if such function exists in a company, the deputy chief executive officer;
- (iii) where so determined by a Member State, other persons who perform functions similar to those performed under point (i) or (ii);“

Ákvæði iii) liðar tilskipunarinnar gerir ráð fyrir að aðildarríki afmarki nánar í landsrétti hvaða aðilar teljist gegna sambærilegum störfum. Að mati samtakanna er hins vegar ekki nægilega skýrt í frumvarpinu hvernig þeirri afmörkun er háttað og virðist því stefna í einhverskonar hringlaga tilvísun landsréttar, til EES-réttar, sem vísar til landsréttar.

¹ <https://vb.is/frettir/gaedastimpill-fyrir-islenska-markadinn/>



Samtökin gerðu athugasemdir við þetta atriði á fyrri stigum og töldu orðalag frumvarpsins of matskennt og óljóst um hverjir féllu undir hugtakið. Frumvarpið hefur tekið breytingum og vísar nú til forstjóra, meðlima stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra æðstu stjórnenda félags, sem telja verður til bóta.

Samtökin benda þó á að samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 eru hugtökin „forstjóri“ og „framkvæmdastjóri“ almennt notuð yfir manneskju sem gegnir sama hlutverki. Af frumvarpinu verður því ekki skýrt ráðið hvort með „framkvæmdastjóra“ sé átt við framkvæmdastjóra í skilningi hlutafélagalaga eða hvort hugtakinu sé ætlað sjálfstætt og rýmra efnisinntak. Að mati samtakanna væri æskilegt að þetta yrði skýrt nánar, hvort heldur í lagatexta eða í greinargerð.

Samtökin eru nú sem endranær reiðubúin til samtals vegna málsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrun B. Gísladóttir

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Jóhanna Þorsteinsdóttir

f.h. SVP – Samtaka verslunar og
þjónustu

Kristinn Meir Þorsson

f.h. Samorku

Katrín Elfa

f.h. Samtaka iðnaðarins

Erla T. Stefánsdóttir

f.h. Samtaka fyrirtækja í
fjármálaþjónustu

Jón Þórník Þorvaldsson

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðmar Guðmundsson

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

Þórunn Þorvaldsson